

## AUGLÝSING

### um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Rangárvallasýslu.

88

6. maí

Samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð lögreglusamþykkt fyrir Rangárvallasýslu.

#### Lögreglusamþykkt fyrir Rangárvallasýslu.

##### I. KAFLI

##### Um velsæmi og hegðun.

###### 1. gr.

Á almannafæri, svo sem á vegum, samkomustöðum, veitingastöðum og í réttum, mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina, tafar við störf, eða óþæginda fyrir viðstadda.

Á almannafæri má ekki sýna af sér móðgandi háttalag, svo sem með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, viðhafa áflog, öläðislæti eða aðra hneykslanlega hegðun.

###### 2. gr.

Drukna menn, sem valda hávaða og óspektum, má setja í varðhald, ef þeir skipast ekki við munnlegar áminningar lögregluvaldsins, auk þess sem þeir sæta löglegum sektum.

##### II. KAFLI

##### Um umferð.

###### 3. gr.

Ekki má aðhafast neitt, sem spillir eða tálmar umferð á opinberum vegum.

###### 4. gr.

Enginn má aka á reiðhjóli eða bifreið um vegi, þegar dimmt er, án þess að hafa logandi ljósker á þeim.

###### 5. gr.

Mætist menn á vegum, skulu þeir ávallt víkja til vinstri handar.

##### III. KAFLI

##### Um friðun og vernd á eignum.

###### 6. gr.

Enginn má skemma eða óhreinka opinberar eignir, hverju nafni sem nefnast og ætlaðar eru til almenningsafnota.

###### 7. gr.

Enginn má spilla eignum einstakra manna né í heimildarleysi fara yfir túngirðingar, sáðlönd eða tún utan vegar, nema um kirkjustíg sé að ræða eða götutroðninga

88 fyrir gangandi fólk, því þá gildir sú venja, sem verið hefir. Girðingum má eigi spilla 6. maí né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

## 8. gr.

Engum er heimilt að tileinka sér neinar nytjar í löndum einstakra manna, svo sem egg, fjallagrös, veiði fugla eða fiska né annað, án leyfis landráðanda.

## IV. KAFLI

## Um veitingar og almennar skemmtisamkomur.

## 9. gr.

Á almennum veitinga- og samkomustöðum og í réttum má enginn hafa í frammi hávaða eða ósæmilega hegðun, og er húsráðanda, forstöðunefnd eða réttarstjóra skylt að afstýra því eftir megni.

## 10. gr.

Þeir sem hafa á hendi gistihúshald eða fengið hafa leyfi til veitinga almennt, skulu hafa lokað kl. 11 á kvöldin, og gestir, sem hafa þar ekki næturstað, skulu vera farnir burt kl. 11½. Þó getur lögreglustjóri framlengt tímenn í einstökum tilfellum, þegar sérstaklega stendur á.

## 11. gr.

Eigi má halda fleiri almennar dans- og skemmtisamkomur í hverjum hreppi sýslunnar á ári en sex; þó getur sýslunefnd ákveðið lægri tölu um eitt ár í senn. Skal þeim samkomum, sem haldnar eru frá 1. júlí til 15. september, slitið ekki síðar en kl. 11 að kvöldi, en á öðrum tímum árs eigi síðar en kl. 3 að nóttu, nema hreppstjóri telji ófært veður.

## 12. gr.

Enginn má halda opinberar danssamkomur, nema með leyfi hreppstjórans í þeim hreppi, þar sem samkoman skal haldast. Sá sem leyfi er veitt, skal greiða eftir ákvæðum hreppstjórans í hvert sinn gjald í viðkomandi sveitarsjóð 5—50 krónur.

Skal hreppstjóri hlutas til um að skipta leyfðum samkomum sem jafnast niður á starfandi félög í hreppnum. Leyfi fyrir almennar héraðssamkomur, svo og til hlutaveltu, skulu veitt af lögreglustjóra. Forstöðunefnd samkomu skal gæta þess, að hún komi eigi í bága við almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Umsóknir og leyfi skulu jafnan skrifleg vera.

## 13. gr.

Hreppstjóra er skylt að vera sjálfur — eða hafa fulltrúa — á hverri opinberri skemmtisamkomu í hreppnum og gæta þar reglu. Skal forstöðunefnd skemmtunar greiða honum kr. 2.00 fyrir hverja klukkustund, þó ekki yfir 14 kr. fyrir eina samkomu. Við þetta starf ber hreppstjóra jafnan að bera einkennishúfu hreppstjóra. Fari nokkuð það fram á samkomu, sem brýtur í bága við reglu eða velsæmi, er hreppstjóra heimilt að láta slíta samkomunni. — Ákvæði þessarar greinar gilda um lögreglustjóra þegar um héraðsmót er að ræða.

## 14. gr.

Þegar skemmtanir eru haldnar innanhúss, að kvöldi dags og fram á nótt, skulu forstöðumenn skemmtananna gæta þess eftir föngum, að ekki stafi brunahætta af eldfærum þeim, sem notuð eru í húsinu. Banna má reykingar í samkomusal.

## V. KAFLI

## Um almennt hreinlæti.

88

6. maí

## 15. gr.

Skylt skal þeim, sem ljær eða leigir hús til samkomuhalds, að hlíta fyrirmælum héraðslæknis um hreinlæti og þrifnað.

## 16. gr.

Búfé skal deytt á löglegan hátt. Sulli og mein úr sláturfé skal brenna eða grafa dyggilega niður. Forstöðumenn sláturhúsa skulu vandlega gæta alls þrifnaðar innan húss og utan.

## VI. KAFLI

## Um hunda.

## 17. gr.

Hundar, sem ráðast á menn eða búfé eða elta stjórnlaust skepnur í högum, skulu réttðrápir.

Bannað er að láta hunda fylgja sér á samkomur eða til kirkju.

## 18. gr.

Skylt er öllum hundaeigendum að koma hundum sínum til hreinsunar á hausti hverju, eftir fyrirmælum hinna skipuðu hundalækna.

## VII. KAFLI

## Um brunamál og eldsvoða.

## 19. gr.

Að því er snertir eldstæði skal fara eftir gildandi lögum og reglum.

## 20. gr.

Enginn má kveikja í sinu nema fyrri hluta dags og með samþykki þeirra, sem hlut geta átt að máli.

## VIII. KAFLI

## Ýmisleg ákvæði.

## 21. gr.

Ekki er verzlunarmönnum leyfilegt að afhenda tóbak börnum innan 14 ára aldurs.

## 22. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannaferi, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

## 23. gr.

Hver vinnufær karlmaður er skyldur, ef lögregluvaldið krefst þess, að veita því aðstoð til að afstýra óspektum og annari óreglu, eða hefta þá, er slíku valda.

## 24. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum allt að 1000 krónur, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

88  
6. maí

25. gr.

Kostnaður sá, sem leiða kann af framkvæmd á samþykkt þessari og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði, þó má greiða kostnað við aðfengna lögreglu við héraðsmót úr sýslusjóði, ef lögreglustjóri leyfir mótið og telur nauðsyn á aukinni og öflugri lögreglu við slík tækifæri.

26. gr.

Mál, sem rís út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lög-reglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í viðkomandi sveitarsjóð. Þó skulu sektir fyrir brot, sem framan eru á héraðsmótum, renna í sýslusjóð.

27. gr.

Samþykkt þessi skal birt í B-deild stjórntíðindanna, og auk þess prentuð sérstaklega á kostnað sýslusjóðs til útbýtingar meðal allra búenda í sýslunni á kostnað sýslusjóðs.

28. gr.

Breytingar á samþykkt þessari og viðauka við hana skal gera á sama hátt og samþykktina sjálfa.

29. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 6. maí 1938.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

89  
29. júní

## REGLUGERÐ

### um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

1. gr.

Öll matjessíld, sem út er flutt, skal vera söltuð í hreinar, þéttar, vel bentar og ógallaðar tunnur. Undir matjessíld má ekki nota tunnur, sem í hefir verið saltað árið áður, en tunnur, sem hefir verið saltað í á sömu vertíð, má nota, hafi þær verið vel þrifnar utan og innan og séu að öðru leyti góðar. Gamlar tunnur, þó ónotaðar séu, sem eru orðnar vatnssósa, eða tunnur úr efni, sem þekill getur seitlað gegnum, eru óhæfar umbúðir.

2. gr.

Öll matjessíld, sem út er flutt, skal merkjast eins og hér segir:

#### Á efri botn:

1. Efst á botninn beint eða í boga orðin „ISLAND MATJES“ með stafahæð 2,8 til 3 cm á  $\frac{1}{4}$  tunnu og 2,5 cm á  $\frac{1}{2}$  tunnu.  
Á tunnur, sem senda á til Ameríku, skal merkja „ICELAND“ í stað ISLAND.
2. Þar fyrir neðan skal, ef síldin er flokkuð eftir stærð, merkja með orðum, er tákna stærðarflokkinn.